

Nr. 098 / 11 Dettifoss***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júní 2011 var Dettifoss við bryggju í Helsingborg.

Skipverji var vinna á þilfari við að losa rafmótor og ætlaði að skera í sundur festibolta hans. Hann missti slípirokk með skurðarskífu, sem hann notaði til verksins, og í fallinu lenti skurðarskífan utan í hægri fæti hans. Við það kom um 10 sm skurður á fótlegginn.

Við rannsókn kom fram:

- að slípirokkurinn var lítil og taldi slasaði að hann væri full fær um að halda á honum með annarri hendi. Skífan hefði bitið sig í efnið sem verið var að sverfa í sundur og við það hafi rokkurinn snúist úr hendi hans með fyrrgreindum afleiðingum;
- að slasaði sagði að stjórnrofi rokksins hafi verið í læstri stöðu þegar hann féll og því verið í gangi í fallinu. Þetta hafi verið gamalt tæki sem búið var að fjarlægja hlíf sem var að hluta yfir skífunni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.